

Erindi á dagskrá bæjarráðs 17. september 2019
Öryggi og vellíðan barna og ungmenna.

Að undanförmu hafa fréttir af óæskilegri hegðun ungmenna gert vart við sig þar sem m.a. er verið að stunda þann verknað að losa dekk á reiðhjólum án vitundar eigenda. Alvarlegt slys hefur þegar orðið og fleiri orðið fyrir þessum verknaði en verið heppnari með afleiðingar.

Þegar endurtekin óæskileg hegðun barna og ungmenna fer að gera vart við sig er mikilvægt að staldra við og rýna í aðstæður hverju sinni og draga fram bjargirnar sem við höfum til að bregðast við óæskilegu hegðunarmynstri.

Eftirfarandi spurningar vil ég leggja inn í umræðuna:

Hvernig erum við sem samfélag að bregðast við?

Til hvaða aðgerða er hægt að grípa til innan t.d. íþróttá- og tómstundastarfsins eða eru þessi ungmenni jafnvel ekki þar?

Málið er að minnsta kosti þess eðlis að þörf er á að rýna stöðuna og bregðast við með ábyrgum hætti.

- Hvaða hóp er um að ræða?
- Endurvekja foreldraröltið?
- Aðkoma íþróttá- og tómstundastarfsins?
- Forvarnaraðgerðir?
- Viðbragðsaðgerðir sem hægt er grípa til þegar endurtekin atburðir eiga sér stað?

Sara Dögg Svanhildardóttir
bæjarráðsfulltrúi Garðabæjarlistans